

## **Nd. 100. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Thor Thors.

### 1. gr.

Í stað orðanna „Sáðsléttur í túni kr. 2,00 á 100 m<sup>2</sup>“ í 9. gr. III. f. jarðræktarlaga, nr. 101 23. júní 1936, komi: Sáðsléttur í túni kr. 2,50 á 100 m<sup>2</sup>.

### 2. gr.

11., 12. og 13. gr. laganna falli burt, en í stað þeirra komi ein grein, svo hljóðandi:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

Til byggingar safngryfja og haughúsa allt að kr. 2000,00  
og til þurrheyshlöðubygginga kr. 750,00.

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert lögbýli, sem fengið hefir innan við 6000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að kr. 600,00.

Nú hefir býli fengið 6000 krónur í styrk til jarðræktar, og má árshámarkið þá nema allt að 300 krónum.

Hámarksákvæði þessi taka ekki til votheyshlöðubygginga eða framræslu.

Hámarksstyrkur á ári til einstaklinga, er eigi hafa lögbýli til ábúðar og fengið hafa innan við 3000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að 300 krónum.

Hafi maður, sem eigi hefir lögbýli til ábúðar, fengið 3000 kr. í jarðræktarstyrk, má styrkurinn nema allt að 150 kr. á ári.

Nú er jörð skipt í tvö eða fleiri lögbýli, og skiptist þá upphæð þess styrks, er hún hefir fengið samkvæmt 9. grein, milli býlanna eftir mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um framhaldsstyrk til hvers býlis samkvæmt því mati.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, er þau hafa notið, og veitist þeim síðan styrkur sem eitt býli væri.

### 3. gr.

16. og 17. gr. laganna falli burt.

### 4. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli burt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, varð þegar í upphafi allmikil óánægja í sveitum landsins með hin nýju jarðræktarlög (nr. 101/1936). Nokkur bót var ráðin á ágöllum laganna með breytingu þeirri, er gerð var á I. kafla þeirra á síðasta þingi (l. nr. 25/1937), en eftir eru þó stórir ásteytingarsteinar, er nema verður burt.

Á þinginu síðasta var í hv. efri deild borið fram frv. til nýrra jarðræktarlaga, þar sem teknar voru í þær breytingar allar, er ýmsir hafa talið sumpart nauðsynlegar og sumpart æskilegar, en ekki komst það neitt áleiðis. Sama frv. er nú borið fram á ný, af 2 hv. þingm. í Nd. (þskj. 78). En þar sem það má að ýmsu leyti kalla of viðamikil að kollvarpa að formi til allri löggjöfinni um þetta efni þegar í stað (þótt reyndar mörgum ákvæðum sé haldið óbreyttum), enda lítil von um framkvæmd þess máls eins og Alþingi er enn skipað, þykir flm. rétt að bera fram í sérstöku frv. þau höfuðatriði breytinganna, sem vafalaus meiri hluti alls búaliðs landsins óskar framkvæmd án tafar, svo sem er um lagfæring á ákvæðum jarðræktarlaganna um hámarksstyrk m. m. (11.—13. gr.), svo og niðurfelling hinnar umþráttuðu 17. gr. („fylgiferð“), sem ekki orkar tvímælis um, að er eitt óvinsælasta ákvæði þessara laga.

Ætti að mega gera sér vonir um, að þingmenn vildu vinna saman um að koma þeim breytingum fram, sem hér eru teknar til, því að svo bezt verður jarðræktarmálum þjóðarinnar unnið gagn, að áframhaldandi þróun þeirra verði ekki hindruð, heldur aukin og glædd.

Ákvæði þau, sem hér eru tekin í 2. gr. þessa frv., er 12. gr. frv. á þskj. 78 (orðrétt), því að við það þykir mega hlíta.

Það getur vitanlega verið álitamál, hvort taka bæri fleiri ákvæði laganna til endurskoðunar þegar (þar á meðal ákvæðin um erfðaleigulönd, VI. kafla). Því er þó sleppt hér, sbr. hér að framan, með því líka að engin reynsla er komin á sum þeirra, en þetta verður væntanlega athugað í nefnd þeirri í hv. deild, sem fjallar um þessi mál.

Nánar í framsögu.